

Nefndarálit

um till. til þál. um aðild að Kýmótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Halldór Þorgeirsson frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Kýmótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 9. maí 1992 sem gerð var 10. desember 1997.

Markmið Kýmótó-bókunarinnar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og kveður bókunin á um að aðildarríkin skuli draga úr útstreymi tiltekinnar gróðurhúsalofttegunda, miðað við útstreymi eins og það var árið 1990, á skilgreindum tímabilum. Fyrsta skuldbindingartímabilið er fimm ár, 2008–2012, og verða þau ríki sem getið er í I. viðauka við rammasamninginn að takmarka sameiginlega og hvert um sig útstreymi þeirra gróðurhúsalofttegunda sem skráðar eru í viðauka A við bókunina þannig að samanlagt árlegt útstreymi þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu verði að meðaltali 5,2% minna en viðmiðunarárið 1990.

Umhverfisráðuneytið telur að aðild Íslands að bókuninni kalli ekki á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Þuríður Backman rita undir álitinu með fyrirvara.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir,
form., frsm.

Rannveig Guðmundsdóttir,
með fyrirvara.

Magnús Stefánsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir,
með fyrirvara.

Vilhjálmur Egilsson.

Þuríður Backman,
með fyrirvara.

Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.